

Athugasemdir við frv. til laga um gjaldeyrismál.

1. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Innlendur aðili merkir:

1. sérhvern mann sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili án tillits til ríkisfangs; sama á við um íslenskan ríkisborgara og skyldulið hans sem hefur búsetu erlendis en gegnir störfum þar á vegum íslenska ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðismannsskrifstofu og tekur laun úr ríkissjóði eða er starfsmaður alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að;
2. sérhvern lögaðila sem skráður er til heimilis hér á landi á lögmæltan hátt, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi; hérlend útibú lögaðila, sem heimili eiga erlendis, teljast til innlendra aðila.

Erlendur aðili merkir alla aðra aðila en innlenda.

Innlendur gjaldeyrir merkir íslenska peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli sem hljóða upp á greiðslu í íslenskum krónum, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum hér á landi.

Erlendur gjaldeyrir merkir erlenda peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli sem hljóða upp á greiðslu í erlendri mynt, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum erlendis.

Gjaldeyrisviðskipti merkja það að skipta innlendum gjaldeyri fyrir erlendan, erlendum gjaldeyri fyrir innlendan eða einum erlendum gjaldeyri fyrir annan eða reikningsviðskipti sem eru ígildi þess að erlendur gjaldeyrir sé látinn af hendi eða móttækinn.

Fjármagnshreyfingar merkja yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli landa sem tengjast:

1. beinum fjárfestingum,
2. útgáfu á og viðskiptum með hlutabréf, skuldabréf, víxla, hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og önnur langtíma- eða skammtímaverðbréf,
3. lánveitingum, lántökum og greiðslu eða móttöku afborgana af lánum,
4. veitingu ábyrgða og hvers konar greiðslutrygginga,
5. opnun bankareikninga og notkun þeirra,
6. framvirkum viðskiptum, viðskiptum með valrétt (valkvæðum viðskiptum) og gjaldmiðla- og vaxtaskiptum,
7. yfirfærslu á fjármunum einstaklinga og fjölskyldna.

Skammtímahreyfingar fjármagns merkja fjármagnshreyfingar milli landa sem tengjast:

1. útgáfu á og viðskiptum með skuldabréf og víxla með lokagjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi og önnur slík skammtímaverðbréf,
2. útgáfu á og viðskiptum með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum,
3. lánveitingum og lántökum til skemmri tíma en eins árs,

4. innleggi á og úttekt af reikningum í innlánsstofnunum.

Jafnframt teljast til skammtímahreyfinga fjármagns inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa og önnur hliðstæð viðskipti.

Langtímahreyfingar fjármagns merkja allar aðrar fjármagnshreyfingar en skammtímahreyfingar fjármagns.

Bein fjárfesting merkir fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnu- fyrirtækis eða kaup á eignarhlut til að öðlast virk áhrif á stjórn þess. Langtímalán frá eigendum fyrirtækis til fyrirtækisins teljast einnig bein fjárfesting.

Óbein fjárfesting merkir alla aðra fjárfestingu en beina fjárfestingu, einkum fjárfestingu í verðbréfum sem er fyrst og fremst til þess ætluð að ávaxta fé en ekki til að öðlast virk áhrif á stjórn fyrirtækis.

Innlend verðbréf merkja hvers konar framseljanleg kröfuréttindi sem innlendir aðili gefur út, svo sem hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðrum eignum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum.

Erlend verðbréf merkja hvers konar framseljanleg kröfuréttindi sem erlendir aðili gefur út, svo sem hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðrum eignum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum.

Samband ísl. viðskiptabanka:

1. gr., 3. gr. og 5. gr.

Heimildir til takmarkana í þessum greinum munu ekki virka þar sem skammtímahreyfingar eru auðveldar gegnum kaup og sölu á hlutdeildarbréfum í verðbréfasjóðum sem fjárfesta í langvinnum verðbréfum.

Tilvísunin í „viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum“ ætti heldur að vera t.d. „viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem unnt er að innleysa á skemmri tíma en einu ári.“

Ríkisskattstjóri:

Í frumvarpi því sem nú liggur fyrir er að finna skilagreinar á aðild sem að hluta til sækir grunn til gildandi löggjafar um lögheimili og skráningu á heimilisfesti. Er skilgreiningin með þeim hætti að innlendir aðilar eru tilgreindir á allítarlegan hátt en síðan er kveðið á um að erlendir aðili teljist allir aðrir aðilar en innlendir.

Skilgreiningar frumvarpsins eru samstíga skattaðildarskilgreiningu 1. og 2. gr. tskl. nr. 75/1981. Ákvæði frumvarpsins eru það rúm að ekki verður talinn leika vafi á að allir skattskyldir aðilar falli undir skilgreiningu þess. Innlendir lögaðili skal t.d. skráður til heimilis á lögmeitan hátt. Skráning í firmaskrá skv. 3. og 4. tölulið 2. gr. tskl. fellur t.d. tvímælalaust hér undir.

Lög um lögheimili nr. 21/1990 hafa að geyma nákvæmar skráningarreglur vegna einstaklinga sem hér á landi dvelja. Að því er lögaðila varðar eru reglurnar ekki jafnheildstæðar og hjá einstaklingum. Má e.t.v. halda því fram að rétt væri að tekin væri upp kerfisbundin skráning á þeim erlendu lögaðilum sem hér starfa eða héðan hafa tekjur til viðbótar þeirri skráningu sem þegar er fyrir hendi. Sérstaklega á þetta við í þeim tilvikum þegar um er að ræða aðila sem heimilisfastir eru í ríkjum sem Ísland hefur ekki gert tvísköttunarsamninga við.

Skattalögin eru sem slík afdráttarlaus um framtals- og skattskyldur svo og viðkomandi tvísköttunarsamningar en rétt skráning aðildar er þó meginforsenda þess að ákvæði laga og samninga séu framkvæmanleg.

Með drögum að frumvarpi til laga dagsettu í maí 1992 um skattlagningu eigna- og eignatekna er birt sem fskj. nr. 2 minnisblað viðskiptaráðuneytisins dags. 5. febrúar 1992

um rýmkun á gjaldeyrisreglum. Í umræddu frumvarpi er síðan víða vikið að þeim vinnubrögðum sem viðhafa þarf við framkvæmd og eftirlit í sambandi við álagningu skatts á eignatekjur. Vísast í þessa veru einkum til bls. 46-47 í frumvarpsdrögunum. Ætla verður að þau úrræði sem þar eru nefnd um skráningu upplýsinga o.fl. eigi við um gjaldeyrisviðskipti sem eiga sér stað eftir lögfestingu fyrirbyggjandi frumvarps um þau.

Telja verður að frumvarpið um gjaldeyrisviðskipti samrýmist gildandi skattareglum en leggi auknar skyldur og verkefni á herðar skattýfirvalda frá því sem nú er. Einnig verður að telja að samstarf gjaldeyris- og skattýfirvalda þurfi að aukast verulega og jafnvel þurfi að lögfesta ákvæði um það efni.

2. gr.

Gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu skulu vera óheft, svo og fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra, nema annað sé ákveðið í lögum.

Félag ísl. iðnrekenda og Landsamband iðnaðarmanna:

Samtökin lýsa sig fylgjandi þeirri grundvallarbreytingu sem þessi grein felur í sér, þar sem meginreglan er að fjármagnshreyfingar og alls kyns gjaldeyrisviðskipti verði frjáls í stað þess að vera bönnuð. Hið sama má segja um 1. gr. í frumvarpi til laga um innflutning sem kveður á um að innflutningur á vöru og þjónustu skuli vera frjáls nema annað sé tekið fram í lögum.

3. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið stöðvun í allt að sex mánuði á einhverjum eða öllum af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga ef skammtímahreyfingar fjármagns til og frá landinu valda að mati bankans óstöðugleika í gengis- og peningamálum:

1. Viðskipti með skammtímaverðbréf.
2. Innlegg á og úttektir af reikningum í innlánsstofnunum.
3. Viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum.
4. Lánveitingar og lántökur til skemmri tíma en eins árs sem ekki tengjast milliríkjavíðskiptum með vöru og þjónustu.
5. Inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa og innlends og erlends gjaldeyris.
6. Aðrar skammtímahreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.-5. tölul.

Samband ísl. viðskiptabanka:

Heimild Seðlabanka til stöðvunar viðskipta er afar víðtæk. Í fyrsta lagi virðist unnt að endurtaka 6 mánaða stöðvun aftur og aftur. Í öðru lagi eru 6 mánuðir alllangur tími. Síðast en ekki síst er óheppilegt að heimildarákvæðið er bundið við „stöðvun á einhverjum eða öllum af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga ...“. Mun æskilegra væri að Seðlabankinn fengi meira svigrúm sem e.t.v. mætti nota til að hleypa í gegn smærri hreyfingum sem ekki væri í spákaupmennsku gert. Einstaklingar og fyrirtæki munu við þessar aðstæður eftir sem áður þurfa að standa við skuldbindingar og verða að geta fengið heimildir til að nálgast eignir erlendis. Í stað orðsins „stöðva“ mætti setja orðin „takmarka eða stöðva“ sbr. orðalag 21. greinar frumvarps til laga um Seðlabanka.

4. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða í reglugerð að takmarkanir gildi um einhverja eða alla af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga, enda sé gætt ákvæða laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, og alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að:

1. Beinrar fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi.
2. Viðskipti erlendra aðila með hlutabréf í innlendum fyrirtækjum.
3. Fasteignakaup erlendra aðila hér á landi.

Slíkar takmarkanir mega þó ekki ná til flutnings fjár í eigu erlends aðila frá landinu við sölu á eignarhlut eða slit atvinnufyrirtækis eða sölu fasteignar hér á landi.

Samband ísl. viðskiptabanka:

Heimildarákvæði greinarinnar virðist of víðtækt þrátt fyrir tilvísanir í önnur lög og mætti sleppa.

Verzlunarráð Íslands:

Mælt er með að sleppa þessari grein alfarið. Lög nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, gæta þessara hagsmuna nægilega.

5. gr.

Ráðherra er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða í reglugerð að til og með 31. desember 1994 gildi takmarkanir um einhverja eða alla af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga:

1. Viðskipti innlendra aðila með skuldabréf og víxla í erlendri mynt með gjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi og útgáfu þessara aðila á slíkum verðbréfum erlendis.
2. Viðskipti erlendra aðila með innlend skuldabréf og víxla í íslenskum krónum með gjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi og útgáfu þessara aðila á slíkum verðbréfum hér á landi.
3. Útgáfu á skuldabréfum og víxlum í íslenskum krónum erlendis með gjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi.
4. Viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum.
5. Lánveitingar og lántökur til skemmri tíma en eins árs sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru eða þjónustu.
6. Innlegg á og úttektir af reikningum í innlánsstofnunum.
7. Inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa, peningaseðla og sleginna peninga.
8. Aðrar skammtímahreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–7. tölul.
9. Framvirk viðskipti, viðskipti með valrétt, gjaldmiðla- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti þar sem krónan er annar eða einn gjaldmiðlanna.

Ráðherra er jafnframt heimilt að ákveða í reglugerð reglur um sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris sem innlendir aðilar eignast fyrir seldar vörur og þjónustu eða á annan hátt. Þessi heimild fellur niður frá og með 1. janúar 1995.

Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna:

Samtökin telja óeðlilegt að heimilt verði að viðhalda skilaskyldu gjaldeyris allt til ársloka 1994 sbr. lokamálsgrein 5. gr. Slík skilaskylda samrýmist illa frjálsum

gjaldeyrismarkaði. Minna má á að í frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands er gert ráð fyrir að honum sé heimilt að skipuleggja slíkan markað. Samtökin leggja til að síðasta málsgrein 5. gr. verði felld brott eða að öðrum kosti falli heimild til að viðhalda skilaskyldu erlends gjaldeyris fyrir niður.

6. gr.

Erlendu ríki, sveitarfélagi eða öðru erlendu stjórnvaldi er óheimilt að gefa út skuldabréf á markaði héraðs nema með leyfi Seðlabankans.

7. gr.

Nú gilda ákveðnar takmarkanir á fjármagnshreyfingum skv. 4. gr., 5. gr. eða ákvæðum til bráðabirgða og er þá Seðlabankanum heimilt að veita undanþágur frá þeim samkvæmt umsókn þar að lútandi. Innheimt skal sérstakt 1% leyfisgjald af þeirri fjárhæð sem um ræðir hverju sinni þegar undanþága er veitt. Fjármagnshreyfingar á vegum ríkissjóðs og fjármagnshreyfingar vegna gjaldeyrisviðskipta þeirra aðila, sem leyfi hafa til gjaldeyrisviðskipta, eru ávallt undanþegnar gjaldinu. Gjaldið skal greitt til þess innlends aðila sem milligöngu hefur um gjaldeyrisviðskiptin eða Seðlabankans. Tekjur af gjaldinu renna í ríkissjóð.

Samband ísl. viðskiptabanka:

Engin ástæða er fyrir 1% leyfisgjaldi af fjárhæð undanþáguheimilda sem Seðlabankinn mun veita til fjármagnshreyfinga. Hlutverk Seðlabankans er að úrskurða hvort annmarkar séu á að undanþágur séu veittar. Ef ástæður eru til að veita undanþágur ætti það ekki að veita ríkissjóði sérstakar tekjur af þeim fjármagnshreyfingum umfram aðrar. Öll rök vantar fyrir þessari skattlagningu.

Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna:

Um 7. gr.

Grein þessi kveður á um 1% leyfisgjald vegna undanþága frá takmörkunum á fjármagnshreyfingum. Svipað ákvæði er að finna í 2. gr. frumvarps til laga um innflutning varðandi undanþágur frá innflutningshömlum. Ekki verður séð að neitt mæli með þessari gjaldtöku. Hún er ekki rökstudd í frumvarpinu heldur einungis vísað til þess að slíkt gjald hafi verið við lýði í árunna rás. Gjaldtaka sem þessi gerir vart annað en auka tilkostnað innlends atvinnulífs og skerða samkeppnisstöðu þess gagnvart erlendum keppinautum. Hið sama á við um gjaldtöku fyrir veitingu leyfis til gjaldeyrisviðskipta, sbr. 8. gr.

Verzlunarráð Íslands:

Innheimta á 1% leyfisgjaldi þegar undanþága er veitt frá banni við ákveðnum fjármagnshreyfingum er óeðlileg. Færa má rök fyrir þessu gjaldi á þann hátt að verið sé að greiða Seðlabanka Íslands fyrir umstangið við að veita þessa undanþágu. Ef svo er væri hyggilegra og eðlilegra að miða við fasta fjárhæð enda getur 1% leyfisgjald numið talsvert hærri upphæð en tilkostnaðinum nemur. Við þetta er svo því að bæta að þetta 1% rennur ekki til Seðlabankans heldur beint í ríkissjóð. Mælt er með að ekkert leyfisgjald verði innheimt.

8. gr.

Seðlabankinn hefur heimild til að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og versla með erlendan gjaldeyri. Öðrum aðilum er óheimilt að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti hér á landi nema hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt

ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða fengið til þess leyfi frá Seðlabankanum.

Ráðherra setur í reglugerð, að fenginni tillögu Seðlabankans, nánari reglur um leyfi til gjaldeyrisviðskipta, þar á meðal um skilyrði fyrir leyfisveitingu og afturköllun leyfis.

Samband Ísl. viðskiptabanka:

Varðandi sérstakan rétt Seðlabankans til gjaldeyrisviðskipta í upphafsorðum greinarinnar er rétt að ítreka nauðsyn þess að Seðlabankinn einskorði viðskipti sín við erlenda aðila og handhafa gjaldeyrishafa. Með því móti styrkir hann þann gjaldeyrismarkað sem honum er falið að efla. Að öðrum kosti myndu smásöluviðskipti fara framhja þeim markaði sem ætlunin er að byggja upp.

9. gr.

Ákveða má í reglugerð að viðskipti innlendra aðila við erlenda aðila með verðbréf skuli fara fram fyrir milligöngu þeirra aðila sem hafa heimild til verðbréfamiðlunar hér á landi samkvæmt lögum eða ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að. Þar má jafnframt kveða á um að einstakir flokkar lögaðila séu undanþegnir kröfu þessari og að Seðlabankinn geti veitt einstökum aðilum leyfi til að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti við erlenda aðila.

Félag Ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna (við greinina eins og hún var):

Um 9. gr.

Samkvæmt 2. grein frumvarpsins er almenn heimild til fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipta nema annað sé ákveðið í lögum. Lokamálsliður greinarinnar um að lögaðilar þurfi leyfi til verðbréfaviðskipta án milligöngu verðbréfamiðlara er því óskiljanlegur í því samhengi sem hann stendur. Ekkert er þó athugavert við það atriði að milligöngumenn í verðbréfaviðskiptum þurfi til þess leyfi.

Eðlilegast er að almenna reglan í verðbréfaviðskiptum feli í sér heimild til handa einstaklingum og lögaðilum til viðskipta við erlenda aðila án milligöngumanna hér á landi. Lögbundin krafa um að einstaklingar og/eða lögaðilar verði að eiga sín verðbréfaviðskipti í gegnum milligöngumenn er einungis til þess fallin að auka tilkostnað innlands atvinnulífs og skerða samkeppnisstöðu þess gagnvart erlendum keppinautum. Þyki ástæða til að viðhafa slíka viðskiptahindrun væri réttast að hún félli úr gildi um leið og sambærileg reglugerðarákvæði. (6. og 7. gr. reglugerðardraga).

10. gr.

Allir þeir aðilar, sem annast gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar fyrir viðskiptamenn sína, skulu hafa til reiðu skýrar og handhægar upplýsingar um slíka þjónustu ásamt upplýsingum um umboðslaun og gjöld sem áskilin eru í slíkum viðskiptum.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd 1. mgr.

Verzlunarráð Íslands:

Eðlileg samkeppni milli innlendra fjármálastofnana og innlendra og erlendra fjármálastofnana tryggir að kostnaður við gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar sé hóflegur. Æskilegt er því að 2. mgr. 10. gr. falli burt enda engin þörf á að ráðherra geti gripið inn í verðlagningu á þessum markaði. Almennt eftirlit verðlagsstofnunar dugar hér eins og í öðrum tilfellum. Þessu til viðbótar er ekkert í samningnum um EES sem fjallar um heimild ráðherra að setja reglugerð um samningskjör.

11. gr.

Skyllt er að veita Seðlabankanum allar þær upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti sem hann kann að óska eftir til að hann geti sinnt nauðsynlegu eftirliti og hagskýrslugerð, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands. Bankanum er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd gjaldeyrisviðskipta, svo sem um skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum, framlagningu gagna, almenna upplýsingagjöf og gerð eyðublaða.

Samband ísl. viðskiptabanka:

Í grein þessari er m.a. heimild Seðlabankans til að setja nánari reglur um „skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum“. Ekki er ljóst hvort sú skylda eigi að beinast að eigendum viðkomandi reikninga eða handhöfum gjaldeyrisleyfa.

Eðlilegt kann að vera að eigendur reikninganna uppfylli skráningar- og tilkynningarskyldu en hæpið er að leggja slíka skyldu á handhafa gjaldeyrisleyfa. Ef sú er ætlunin verða áhrifin þau að þeir sem ekki vilja gefa upplýsingar um eignir sínar sniðganga íslensk þjónustufyrirtæki en leita til erlendra.

Ríkisskattstjóri:

Fram kemur í frumvarpinu að upplýsingaskylda vegna gjaldeyrisviðskipta gildir áfram enda þótt höft hverfi og gengið mun út frá þeirri meginreglu að slík viðskipti séu tilkynningarskyld þótt gjaldeyrisleyfa sé ekki lengur krafist. Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að þessar upplýsingar berist skattyfirvöldum.

Gildandi ákvæði laga nr. 75/1981 gera ráð fyrir aðgangi skattyfirvalda að upplýsingum hjá peningastofnunum. Þau ákvæði eru þó ekki með þeim hætti sem æskilegast er. T.d. er ekki lögfest regla um almenna upplýsingaskyldu slíkra stofnana gagnvart skattyfirvöldum.

Brýnt er að lögfest verði ákvæði um upplýsingaskyldu fjármálastofnana og annarra á fjármagnsmarkaði til skattyfirvalda, sambærileg við þá upplýsingaskyldu sem nú er um launagreiðslur, hlutafé og arðgreiðslur. Hefur t.d. í skýrslu nefndar um skattlagningu fjármagnstekna verið bent á nauðsyn slíkrar lagasetningar.

Ljóst er að til þarf að koma samvinna og samstarf skattyfirvalda og gjaldeyrisyfirvalda á því sviði sem hér um ræðir þannig að reglur þær sem settar kunna að verða þjóni tilgangi sínum sem best.

Samvinna um framkvæmd hinna nýju reglna þarf að vera með þeim hætti að skattyfirvöld eigi þess kost að fylgjast með þróun reglna og framkvæmd þeirra frá upphafi.

12. gr.

Þeir sem annast framkvæmd þessara laga eru bundnir þagnarskyldu um hagi einstakra viðskiptamanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

13. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt eða sviptingu starfsréttinda. Tilraun og hlutdeild í

brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

14. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Viðskiptaráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að til þess tíma er samningurinn

um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar, en þó ekki lengur en til og með 31. desember 1993, gildi takmarkanir um einhverja eða alla af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga:

1. Viðskipti innlendra aðila með hlutabréf og skuldabréf í erlendri mynt með gjalddaga a.m.k. einu ári frá útgáfudegi og útgáfu þessara aðila á slíkum verðbréfum erlendis.
2. Viðskipti innlendra aðila með hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum sem fjárfesta í langtímaverðbréfum.
3. Viðskipti erlendra aðila með skuldabréf í íslenskum krónum með gjalddaga a.m.k. einu ári frá útgáfudegi.
4. Útgáfu innlendra aðila erlendis í íslenskum krónum á hlutabréfum og skuldabréfum með gjalddaga a.m.k. einu ári frá útgáfudegi.

II.

Núgildandi leyfi viðskiptabanka, sparisjóða, Lánastofnunar sparisjóðanna hf. og Póst- og símamálastofnunarinnar til gjaldeyrisviðskipta falla úr gildi þremur mánuðum eftir gildistöku laganna.

Almennar athugasemdir:

Samband íslenskra viðskiptabanka:

SÍV fagnar framkomu frumvarpsins sem skref í átt til aukins frjálsræðis í viðskiptum og jöfnunar starfsskilyrða. SÍV er kunnugt um lítilsháttar breytingar sem viðskiptaráðuneytið hefur gert á útsendu frumvarpi og telur þær til bóta.

Félag rækju- og hörpudiskframleiðenda:

Að mati félagsins eru efnisatriði frumvarpsins í samræmi við þá þróun viðskipta í frjálsræðisátt, sem orðið hefur síðustu árin. Félag rækju- og hörpudiskframleiðenda lýsir yfir stuðningi sínum við bæði þessi frumvörp, en sér ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við einstakar greinar þeirra.

Samband ísl. tryggingafélaga:

Hér er um að ræða heildstætt frumvarp varðandi skipan gjaldeyrismála, sem lagt er fram í tengslum við samning um Evrópskt efnahagssvæði. Meginstefna frumvarpsins er sú,

að gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu skulu vera óheft, svo og fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra. Í sjálfu sér er þessi meginstefna fagnaðarefni, en hitt er þó ljóst, að þrátt fyrir lögfestingu frumvarps þessa, verða margvíslegar hömlur í þessu efni enn við lýði vegna ákvæða í ýmsum öðrum lögum, t.d. í lögum nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Af frumvarpinu og þeim drögum að reglugerð, sem því fylgir, má ráða, að innlendum aðilum skal heimilt að eiga bankareikning í útlöndum í erlendri mynt upp að ákveðnum fjárhæðamörkum. Þau mörk eiga þó að falla niður á næsta ári. Hins vegar er ráð fyrir því gert í reglugerðardrögunum, að m.a. innlend váttryggingarfélag, sem endurtryggi erlendis eða taka að sér tryggingar erlendis skuli undanþegin fjárhæðamörkunum. Er þessi undanþága váttryggingarfélaganna í samræmi við núgildandi reglur, sbr. reglugerð nr. 211/1988, og er brýnt að við henni verði ekki hróflað.

B.H.M.R.:

Með þessu frumvarpi er stefnt að því að ryðja burt nánast öllum takmörkunum og hindrunum í gjaldeyrismálum sem enn standa eftir þær umfangsmiklu breytingar sem áttu sér stað 1990-91. BHMR telur mikilvægt í þessu sambandi að benda þingnefndinni á eftirfarandi:

1. Fá og stór fyrirtæki með eigin sölufyrirtæki erlendis eru ráðandi um mestan hluta útflutnings sjávarafurða, áls og kísiljárns. Þessi fyrirtæki munu á opnum gjaldeyrismarkaði vera í aðstöðu til að hafa afgerandi áhrif á gengisskráningu með því að flýta eða seinka greiðslum vegna útflutnings. Þessar aðstæður kalla á brask með gengi íslensku krónunnar og sjálfsagt er að vara við þeim. Sveiflur í gengisskráningu af þessum sökum geta leitt til óhagstæðara verðs á innfluttum varningi en ella.
2. Lífeyrissjóðir og fleiri stórir aðilar innanlands hafa lýst því yfir að þeir stefni að því að ávaxta fé sitt í miklum mæli erlendis. Sú ráðstöfun kann að þykja óskynsamleg í ljósi hárra raunvaxta á Íslandi en er rökstudd með nauðsynlegri áhættudreifingu hjá þessum sjóðum. Ástæða er til að benda á að mikil útstreymi sparifjár af þessum sökum mun þrengja íslenskan peningamarkað, hækka raunvexti og þannig valda íslenskum fyrirtækjum nýjum búsifjum í þegar harðnandi samkeppni við erlenda aðila. Frá sjónarmiði gjaldeyrismarkaðar geta slíkar tilfærslur orðið að flótta frá íslenskum peningum til útlendra og þannig valdið lækkun á gengi krónunnar. Inntak „þjóðarsátta“ undanfarin ár hefur verið að byggja upp innlend fyrirtæki, auka framleiðni þeirra og bæta starfsumhverfi, með því að fallast á litlar sem engar launahækkanir. Þær aðstæður sem frumvarp þetta skapar eru líklegar til að valda því að hagnaður fyrirtækjanna af áður nefndum „þjóðarsáttum“ renni óskiptur eða að stórum hluta úr landi.
3. BHMR vill minna þingnefndina í þessu sambandi á umsögn bandalagsins um frumvarp til laga um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl., l. nr. 34/1991, sbr. fylgiskjal. Þar er m.a. bent á að BHMR hefur efasemdir um efni 3. gr. þeirra laga sem gerir heimild erlendra aðila til fjárfestinga á Íslandi að almennri reglu. Bent er á stöðu sjávarútvegs í íslensku efnahags- og atvinnulífi og þá augljósu hættu á ítökum erlendra aðila í greininni ef þeir mega fjárfesta í öllu nema frumvinnslu sjávarafurða, fiskveiðum. Undanfarið hefur komið fram í fréttum að athugasemdir BHMR 26. febrúar 1991 reyndust á rökum reistar.
4. Með einum sameiginlegum hindrunarlausum markaði fjármagns dregur úr möguleikum á sjálfstæðri íslenskri hagstjórn til að mæta óvæntum sveiflum í þjóðarbúskapnum, sem munu verða í framtíðinni á meðan fiskveiðar gegna lykilhlutverki og hagkerfið er einhæft. BHMR skorar á þingmenn að kanna hvort stjórnvöld hafi í raun aðra valkosti til hagstjórnar verði af samningi um EES.

5. Þá munu markaðsfríðindi á sviði fjármálaþjónustu opna íslenska fjármálaþjónustu fyrir erlendri samkeppni. Augljós hættu er á því að stór hluti innlendra fyrirtækja í þessari grein fari á hausinn. BHMR beinir því til þingmanna að kanna með hvaða hætti hægt er að koma í veg fyrir þessi óhagstæðu áhrif.

Hin auknu markaðsfríðindi erlendra aðila hér á landi gagnast fyrst og fremst evrópskum stórfyrirtækjum sem hafa til þess bolmagn að hagnýta sér hinn stóra hindrunarlausa evrópska markað. Mörg slík fyrirtæki búa nú þegar við fákeppni eða einokun í sinni grein innan EB. Þau eru áhugasöm um að koma sér upp sams konar markaðsaðstöðu á öllu EES-svæðinu. Þetta á bæði við iðnfyrirtæki og fyrirtæki á sviði banka- og fjármálaþjónustu. Ástæða er því að óttast um hag margra íslenskra fyrirtækja í ójöfnum leik gegn stórfyrirtækjum Evrópu. Reynslan af EFTA-samningnum var m.a. sú að mörg íslensk iðnfyrirtæki fóru á hausinn og önnur völdu að hætta eigin framleiðslu og hefja innflutning á vörum erlendra samkeppnisaðila eða framleiða þeirra vöru á framleiðsluleyfi. Ýmislegt bendir til að EES-samningurinn geti valdið enn meiri usla í íslenskri atvinnustarfsemi, ekki vegna þess að íslensk fyrirtæki séu ekki samkeppnisfær heldur vegna yfirburðarstöðu keppinautanna m.t.t. auðs, áhrifa og markaðsstöðu. EES-samningarnir bjóða þeirri hættu heim að sérhæfing og einhæfni aukist í íslensku atvinnulífi á sviði sjávarútvegs og binda Ísland við hlutverk hráefnasalans.

BHMR hvetur þingmenn til að skoða ítarlega áhrif EES-samnings og fylgifrumvarpa hans á raunveruleg starfsskilyrði íslenskra fyrirtækja og afkomu launamanna og kanna með hvaða hætti stjórnvöld geti tryggt afkomu þeirra í framtíðinni. BHMR skorar á þingmenn að láta gera tekju- og kostnaðargreiningu á hagkvæmni samningsins fyrir íslenskan þjóðarbúskap.

Samband ísl. viðskiptabanka:

Í umsögn ráðuneytisins er tekið fram að þetta frumvarp hafi ekki áhrif á lög nr. 52/1984 um skatt á umboðspóknun og gengismun. Óhugsandi er að sá skattur verði áfram innheimtur af innlendum handhöfum gjaldeyrisleyfa þegar erlendir aðilar hafa fengið sama rétt til viðskipta en yrðu skattlausir.